

Lyfjagreiðslunefnd

FUNDARGERÐ 317. fundar

Dagsetning og staður: 16. mars 2020 kl. 14:00 - að Katrínartúni 2, 105 Reykjavík.

Fundinn sátu:

Nefndarmenn:

Eva Ágústsdóttir, formaður

Eva Björk Valdimarsdóttir – í síma /Skype

Kristinn H. Jónasson

Andrés Magnússon boðaði forföll og sat varamaður hans, Jóhann M. Lenharðsson fundinn í hans stað.

Katrín E. Hjörleifsdóttir – í síma /Skype

Starfsmenn nefndarinnar:

Sveinbjörn Högnason (ritari)

Aðrir : Ólafur Adolfsson, fulltrúi smásala f.h. Félags atvinnurekenda og Kjartan Örn Þórðarsson, fulltrúi smásala f.h. SVP – er í símasambandi. Mæta á fundinn 15:00.

1.	Dagskrá fundarins
Niðurstaða:	Dagskrá fundarins var samþykkt. Aðeins eitt fundarefni á fundinum: Smásöluálagning 2020 og samkomulag við smásala. Fundarmenn staðfestu að fundurinn sé löglega boðaður. Í ljósi sérstakra aðstæðna, þ.e. COVID-19 faraldur hamlar fundasókn eru sumir fundarmanna í síma. Allir fundarmenn eru samþykkir þessu fyrirkomulagi og að fundarmenn í síma geti greitt atkvæði á fundinum.
2.	Smásöluálagning 2020
Efni	Lyfjagreiðslunefnd fjallaði um endurskoðun smásöluálagningar á 308. fundi nefndarinnar þann 26. nóvember 2019 og voru fulltrúar smásala á fundinum: <u>Niðurstaða 308. fundar:</u> „Fulltrúar SÍ og smásala hittust á fundi þann 21. nóvember 2019 og fóru yfir útreikninga til endurskoðunar smásöluálagningar með vísan til samkomulags milli lyfjagreiðslunefndar og smásala, dags. 10. apríl 2017, og komust að samhljóða niðurstöðu um aðferðafræði útreikninga til endurskoðunar smásöluálagningar.

Sjúkratryggingar Íslands leggja fram, einhliða, minnisblað um endurskoðun smásöluálagningar lyfseðilsskyldra lyfja með gildistöku 1. janúar 2020, sbr. samkomulag milli lyfjagreiðslunefndar og smásala, dags. 10. apríl 2017. Afstaða Sjúkratrygginga Íslands til endurskoðunar smásöluálagningar lyfja kemur fram í minnisblaðinu.

Samkvæmt áðurnefndu samkomulagi, reiknað út frá verðlagsforsendum fjárlaga, myndi krónutöluálagning hækka um 3,76%.

Fram kom á fundi Sjúkratrygginga og fulltrúa smásala að staða fjárlagaliðar almennra lyfja stefnir í verulegan halla og að Sjúkratryggingar geta ekki stutt hækkan smásöluálagningar enda myndi slíkt auka enn á fyrirséðan halla. Fjárlög eru enn óafgreidd. Sjúkratryggingar hafa óskað eftir viðbrögðum frá heilbrigðisráðuneyti hvernig eigi að bregðast við hallanum en ekki fengið svör enn. Staðan er því þannig að raunkostnaður fjárlagaliðar almennra lyfja er enn óljós og mun ekki verða ljós fyrr en eftir endanlega afgreiðslu fjárlaga og að fengnum upplýsingum frá heilbrigðisráðuneytinu. Þetta var einnig kynnt og rætt á fundi lyfjagreiðslunefndar nú með fulltrúum smásala.

Lyfjagreiðslunefnd ákvað, í ljósi þess sem að framan greinir, að fresta ákvörðun um mögulega endurskoðun smásöluálagningar og að endanleg ákvörðun liggi fyrir eigi síðar en í tengslum við útgáfu lyfjaverðskrár 1. apríl 2020. Smásöluálagning er því óbreytt þar til annað verður ákveðið. Fulltrúum smásala var greint frá þessu sem og að nefndin muni nú þegar halda áfram vinnu sem liggja verði til grundvallar endanlegri ákvörðun. Fram kom á fundinum að fulltrúar smásala munu fá upplýsingar um framgang þessarar vinnu, eftir því sem við á, sem og tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri við nefndina.

Fulltrúar smásala kváðust myndu senda lyfjagreiðslunefnd bókun vegna fundarins.“

Engin bókun barst frá smásölum.

Í samræmi við niðurstöðu 308. fundar þá fóru Sjúkratryggingar Íslands yfir hvaða aðgerðir væru mögulegar til að bregðast við slæmri stöðu fjárlagaliðar almennra lyfja. Niðurstaða SÍ var kynnt munnlega af fulltrúa SÍ í lyfjagreiðslunefnd á 314. fundi LGN þann 17. febrúar sl.

Niðurstaða 314. fundar:

„Ákveðið var að boða fulltrúa smásala á fund nefndarinnar sem allra fyrst til að ræða stöðu fjárlagaliðar almennra lyfja og tillögur SÍ um smásöluálagningu.

Fulltrúi SÍ vill bóka eftirfarandi : SÍ fara fram á að LGN segi upp samkomulagi frá 10. apríl 2017, um verklag við árlega endurskoðun smásöluálagningar. Ef ekki þá óska SÍ eftir að bókað sé að árlegir fundir með smásölum verði ekki með fulltrúa SÍ einum heldur nefndinni í heild sinni (sem er auðvitað breyting á samkomulaginu)“.

	<p>Þann 18. febrúar, daginn eftir 314. fund, fékk nefndin sent minnisblað frá SÍ, dags. 18. febrúar 2020, þar sem SÍ fer yfir stöðu fjárlagaliðar almennra lyfja og tillögur SÍ til að bregðast við halla fjárlagaliðarins. Minnisblað SÍ var sent smásölum þann 19. febrúar sl. og þeir boðaðir á óformlegan fund með LGN þann 20. febrúar, til að ræða minnisblað SÍ og stöðu fjárlagaliðar almennra lyfja og hvernig umrædd staða hefði áhrif á ákvörðun nefndarinnar um endurskoðun smásöluálagningar fyrir árið 2020. Smásalar sendu LGN formlegt erindi eftir fundinn, þ.e. erindi frá SVP dags. 24. febrúar, þar sem SVP gerðu athugasemdir við minnisblað SÍ fyrir hönd smásala í SVP og FA.</p> <p>Lyfsalar voru boðaðir á annan óformlegan fund með LGN 12. mars sl. til að ræða athugasemdir smásala við minnisblað SÍ sem fram kom í erindi SVP og tilgangur fundar var að leitast við að fá sameiginlegan skilning á stöðunni á milli SÍ, LGN og smásala og leiðréttá ýmis atriði sem aðilar höfðu ólíkan skilning á og fá mögulega tillögur frá smásölum. Að beiðni LGN höfðu Sjúkratryggingar Íslands kostnaðarmetið tillögur nefndarinnar til endurskoðunar smásöluálagningar og með þær upplýsingar lagði LGN fram tillögu til hækkunar, þ.e. 2,5% hækkun á föstu krónutölunni frá og með 1. júlí 2020. Smásalar sættust á það í ljósi þess ástands sem nú ríkti og að þeir vildu sýna samfélagslega ábyrgð.</p> <p>Það kom einnig fram á fundinum með smásölum að LGN hefði á 316. fundi dags. 11. mars ákveðið að hækka veltuviðmið markaðssettra lyfja úr 3,5 milljónum í 6 milljónir og að lyfjagreiðslunefnd hefði ákveðið að gefa út lyfjaverðskrá marsmánaðar út aftur með uppfærðu punkt gengi 12. mars með gildistöku 13. mars. LGN hvatti smásala til að sporna við hamstri á lyfjum frá heildsölum og út úr apótekum og tóku þeir undir að og sögðust myndu gera sitt besta í því.</p> <p>Þar sem um óformlegan fund nefndarinnar var að ræða með smásölum þá var ekki hægt að taka formlega ákvörðun á fundinum. Boða þyrfti til annars fundar ef greiða ætti atkvæði um tillöguna. Ekki voru forsendur til að boðað yrði til formlegs fundar í beinu framhaldi af óformlega fundinum, þ.e. meiri tíma þyrfti til að reikna hvaða áhrif hækkun á veltuviðmiði hefði til hækkunar á smásöluálagningu þar sem ekki hafði verið tekið tillit til breytingar á veltuviðmiði þegar SÍ reiknaði kostnað við fyrrnefnda tillögu. Niðurstaða þessa óformlega fundar með smásölum var því að Sjúkratryggingar myndu reikna hver yrði kostnaðarauki ef samþykkt væri tillaga um 2,5% hækkun á föstu krónutölunni og einnig yrði tekið tillit til áhrifa hækkunar á veltuviðmiði.</p> <p>Ákveðið var að boða fulltrúa smásala á formlegan fund lyfjagreiðslunefndar þann 16. mars. Þá myndu Sjúkratryggingar vera búnar að kostnaðarmeta tillöguna á ný.</p>
Niðurstaða:	Sjúkratryggingar Íslands hafa reiknað kostnað við tillögu LGN til hækkunar á smásöluálagningu, þ.e. 2,5% hækkun á föstu krónutölunni frá 1. júlí 2020.

Áhrif hækkunar fasts krónutöluhluta smásöluálagningar um 2,5% eru á **ársgrundvelli**:

	Samtals	Hlutur Sí
Hækkun smásöluálagningar almennra lyfja	150.511.560	90.306.936
Hækkun smásöluálagningar S-lyfja	4.687.431	4.687.431
Samtals	155.198.991	94.994.367

Miðað við að ofangreind breyting taki gildi 1. júlí verður kostnaðarauki sjúkratrygginga (almenn lyf) um **45 milljónir kr.** og Landspítalans (S-lyf) um **2,3 milljónir kr.** vegna þessa fyrir árið 2020.

Ákveðið var að samþykkja hækkun smásöluálagningar lyfseðilsskyldra lyfja frá og með lyfjaverðskrá sem tekur gildi 1. júlí 2020. Um er að ræða hækkun krónutöluálagningarinnar um 2,5%.

Krónutöluálagning álagningarþrepanna þriggja hækkar sem hér segir: Um 29 kr. í fyrsta þrepi, eða úr 1.179 kr. í 1.208 kr., í öðru þrepi hækkar hún um 64 kr. og því úr 2.576 kr. í 2.640 kr. og í þriðja þrepi hækkar hún um 128 kr. eða úr 5.123 kr. í 5.251 kr. Afmörkun álagningarþrepa og prósentuálagning helst óbreytt.

Frá 1. júlí 2020 verður verðlagning lyfseðilsskyldra lyfja og S-merktra lyfja sem hér segir, en ofan á heildsöluverð og álagningu bætist virðisaukaskattur.

Hámarksheildsöluverð :	Smásöluálagning:
0 – 19.999 kr.	11,0% + 1.208 kr.
20.000 – 99.999 kr.	2,0% + 2.640 kr.
> 100.000 kr.	0,3% + 5.251 kr.

Lyfjagreiðslunefnd samþykkti 2,5% hækkun krónutöluhluta smásölu álagningar. Fulltrúar smásala í nefndinni eru sammála þessar breytingu smásöluálagningar. Fulltrúi Sjúkratrygginga Íslands í nefndinni mun leggja fram bókun vegna ákvörðunarinnar.

Ávörðun nefndarinnar byggist á því að gert var samkomulag milli LGN og smásala, dags. 10. apríl 2017, um aðferðafræði varðandi hvernig standa skuli að endurskoðun smásöluálagningar og við útreikninga skuli horfa til breytinga á launavísitölu til greiðslujöfnunar (LVTG) og byggingavísitölu (BVT) Hagstofu Íslands sem og forsendur fjárlaga ár hvert. Vegnar saman mynda þær viðmiðunargrunn lyfjagreiðslunefndar. Samkomulagið gerir ráð fyrir að ákvörðun um smásöluálagningu taki gildi 1. janúar ár hvert.

Þessu samkomulagi hefur ekki verið sagt upp og er því enn í gildi. Í samkomulaginu er hins vegar ákvæði þar sem fram kemur leiði árleg endurskoðun smásöluálagningar til frávíks frá viðmiðunargrunni LGN skuli það sérstaklega rökstutt. Við ákvörðun um breytingu á smásöluálagningu var samkomulagið haft til hliðsjónar en samt tekið tillit til ytri aðstæðna, sem eru halli á fjárlagalið almennra lyfja. Sjúkratryggingar hafa farið yfir fjárlagalið almennra lyfja og meðal annars skoðað möguleika á breytingum greiðsluþátttöku í ákveðnum lyfjaflokkum sem og breytingum á greiðsluhluta einstaklinga. Þá hafa Sí skoðað möguleika á lækkun smásöluálagningar. Sjúkratryggingar hafa rætt við heilbrigðisráðuneyti um vandann.

Kostnaðarauki við þessa ákvörðun er um 45 milljónir á fjárlagalið almennra lyfa og 2,3 milljónir á fjárlagalið S-merktra lyfa á árinu 2020.

Fulltrúar smásala lýstu sig samþykka ákvörðuninni.

Bókun Sjúkratrygginga Íslands :



Bókun Sí vegna ákvörðunar Lyfjagreiðslunefndar um hækkun smásöluálagningar fyrir árið 2020

Reykjavík, 16. mars 2020

Á fundi, nr. 308, ákvað Lyfjagreiðslunefnd (LGN) að fresta ákvörðun um endurskoðun smásöluhækkunar til 1. apríl 2020. Á fundi, nr. 317, ákvað LGN að hækka smásöluálagningu lyfa um 2,5% frá og með 1. júlí 2020.

Sjúkratryggingar Íslands (Sí) styðja ekki hækkun smásöluálagningar lyfseðilsskyldra lyfa sem LGN hefur nú samþykkt og greiða því atkvæði gegn ákvörðun nefndarinnar.

Sí hafa ítrekað bent á ástæður þess að ekki skuli hækka smásöluálagningu þar sem ekki fara saman fjárlög og fjárförf almennra lyfa á árinu 2020. Gapið þar á milli er verulegt. Sí benda einnig á að slík hækkun mun enn frekar veikja stöðu fjárlagaliðar almennra lyfa. Fjárlög ársins 2020 gera ráð fyrir 10.020,5 m.kr á fjárlagaliðnum almenn lyf en Sí metur þörfina á fjárlagaliðnum vera 11.245,5 m.kr. og stefnir í 1.225 m.kr. framúrkeyrslu. Samþykkt LGN mun valda því að fjárlagaliðurinn mun fara enn frekar fram úr og stefna í rúmlega 12% á ársgrundvelli. Að mati Sí er það afar óábyrgt að vísitandi auka á halla liðarins eins og LGN hefur nú ákveðið að gera.

Sí lögðu til, við LGN á fundi 317, að halda óbreyttri verðlagningu á lyfseðilsskyldum lyfjum og S-merktra lyfjum frá fyrra ári, fyrir árið 2020. Nefndin tók ekki afstöðu til tillögu Sí.

Einnig var ákveðið samhljóða hjá lyfjagreiðslunefnd að samkomulagi sem lyfjagreiðslunefnd gerði við smásala, dags. 10. apríl 2017, um árlega endurskoðun smásöluálagningar lyfseðilsskyldra lyfa skuli sagt upp. Var fulltrúum lyfjasmásala tilkynnt það á fundinum en einnig mun lyfjagreiðslunefnd senda bréf til smásala með formlegum hætti.

Fundi lokið kl. 15:15